

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
141. fundur.

Miðvikudaginn 27. nóvember 2013 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla sveitarstjóra.**
- 2. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 6. nóvember 2013.
 - b) Stjórnar Byggðasaml. um menningu og atvinnumál í A-Hún. dags. 14. nóvember 2013.
 - c) Aðalfundar Byggðasafnsins á Reykjum í Hrutafirði, dags. 19. nóvember 2013.
 - d) Aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 4. október 2013.
- 3. Bréf:**
 - a) Frá stjórn Björgunarfélagsins Blöndu, dags. 06.11.2013.
 - b) Frá stjórn Snorrasjóðs, dags. 04.11.2013.
 - c) Frá Stígamótum, dags. 20.10.2013.
 - d) Frá samtökunum Blátt áfram, dags. 07.11.2013.
 - e) Frá sýslumanninum á Blönduósi, dags. 11.11.2013.
 - f) Frá Mannvirkjastofnun, dags. 30.10.2013.
 - g) Frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 23.10.2013.
 - h) Frá stjórn UMFÍ, dags. 15.11.2013.
- 4. Fjárhagsáætlanir 2015 til 2017, fyrri umræða.**
- 5. Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 19.11.2013, tekin fyrir undir dagskrárlið 2.e) Erindi frá veiðifélagi Blöndu og Svartár, ódagsett, tekið fyrir undir dagskrárlið 3.i) Erindi frá stéttarfélaginu Samstöðu, dags. 18.11.2013, tekið fyrir undir dagskrárlið 3. j) Erindi frá Landgræðslu ríkisins, dags. 20.11.2013, tekið fyrir undir dagskrárlið 3.k) Erindi frá Skíðadeild Tindastóls, dags. 21.11.2013, tekið fyrir undir dagskrárlið 3.l) Erindi frá Laxasetri Íslands, dags. 25.11.2013, tekið fyrir undir dagskrárlið 3.m)

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Samningar um skólaakstur í Húnavatnshreppi renna út í lok núverandi skólaárs. Í útboðsgögnum, sem samningar byggja á, er gert ráð fyrir að hugsanlegt sé að framlengja samningum um eitt ár án útboðs. *Sveitarstjórn telur eðlilegt, miðað við góða reynslu af núverandi fyrirkomulagi, að samningar við skólabilstjóra verði framlengdir um eitt ár.*

Emax hefur lokið við uppsetningu á nýju fjarskiptakerfi í sveitarfélaginu. Leitað verður eftir upplýsingum frá notendum um virkni kerfisins.

Lagðar fram upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir Hveravallafélagsins í sumar. Ásamt stöðu skipulagsmála á Hveravöllum.

Kynnt erindi frá Eyðibýli-áhugamannafélag, þar sem þakkaður er stuðningur Húnavatnshrepps við verkefnið.

Boðað er til aukaárspings SSSNV, fimmtudaginn 5. des nk. kl. 14.00 í Mælifelli á Sauðárkróki.

Kynnt sameiginleg yfirlýsing þriggja sveitarfélaga og sjö ferðaþjónustu fyrirtækja sem hagsmuna eiga að gæta vegna Kjalvegjar.

Samþykkt var að verðskrá Áfangaskála vegna ársins 2014 verði óbreytt frá fyrra ári.

2. Fundargerðir:

- a) Stjórnar Brunavarna A-Hún. dags. 6. nóvember 2013.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. *Sveitarstjórn Húnavatnshrepps gerir ekki athugasemd við fjárhagsáætlun BA fyrir árið 2014.*

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
141. fundur.

b) Stjórnar Byggðasaml. um menningu og atvinnumál í A-Hún. dags. 14. nóvember 2013.
Til kynningar.

c) Aðalfundar Byggðasafnsins á Reykjum í Hrutafirði, dags. 19. nóvember 2013.
Til kynningar.

d) Aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 4. október 2013.
Til kynningar.

e) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 19. nóvember 2013.
Sveitarstjórn samþykkti tillögu stjórnar fjallskiladeildar Auðkúluheiðar um viðbótargjald 100 kr. á einingu, vegna kostnaðar við aukasmölun á Auðkúluheiði 28. og 29. ágúst sl.

Bréf:

a) Frá stjórn Björgunarfélagsins Blöndu, dags. 06.11.2013.
Efni: Ósk um að Húnavatnshreppur styrki starfsemi Björgunarfélagsins Blöndu.
Erindinu frestað til næsta fundar í sveitarstjórn.

b) Frá stjórn Snorrasjóðs, dags. 04.11.2013.
Efni: Óskað er eftir Stuðningi við Snorraverkefnið sumarið 2014.
Erindinu var hafnað.

c) Frá Stígamótum, dags. 20.10.2013.
Efni: Fjárbæði Stígamóta fyrir árið 2014.
Vísað til fjárhagsáætlunar 2014.

d) Frá samtökunum Blátt áfram, dags. 07.11.2013.
Efni: Óskað er eftir styrk til Blátt áfram forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.
Sveitarstjórn samþykkti að styrkja verkefnið um 15 þúsund kr.

e) Frá sýslumanninum á Blönduósi, dags. 11.11.2013.
Efni: Umsókn dags. 6. nóvember 2013 frá Jóni Gíslasyni kt. 010763-3479, Hofi í Vatnsdal, 541 Blönduósi, um leyfi til að reka gististað (Gistiheimili) í flokki III að Hofi í Vatnsdal.
Sveitarstjórn samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.

f) Frá Mannvirkjastofnun, dags. 30.10.2013.
Efni: Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa.
Til kynningar.

g) Frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 23.10.2013.
Efni: Greint er frá fjárhagslegum viðmiðunum EFS sem nefndin hefur til hliðsjónar vegna yfirferðar á fjármálum sveitarfélaga og óskað er eftir upplýsingum frá öllum sveitarstjórnnum með hvaða hætti þær hagi fjármálastjórn síns sveitarfélags og eftirliti með því frá mánuði til mánaðar.
Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

h) Frá stjórn UMFÍ, dags. 15.11.2013.
Efni: 48. Sambandsþing UMFÍ haldið í Stykkishólmi 12-13 okt. 2013, hvetur ungmenna- og íþróttafélög og sveitarfélög um land allt til að hvetja iðkendur og foreldra og forráðamenn til að ganga, hjóla eða taka strætó til og frá skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.
Til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps
141. fundur.

i) Frá stjórn Veiðifélags Blöndu og Svartár, ódagsett.

Efni: Boðað er til almenns félagsfundar í Veiðifélagi Blöndu og Svartár, í Húnaveri þriðjudaginn 3. desember nk. kl. 20.30

Til kynningar. Sveitarstjóri fer með atkvæði Húnavatnshrepps á fundinum.

j) Frá stéttarfélaginu Samstöðu, dags. 18.11.2013.

Efni: Áskorun til Húnavatnshrepps um að hækka ekki gjaldskrár.

Gjaldskrár Húnavatnshrepps eru mjög hófstílltar og eru aðeins að litlum hluta að standa undir rekstrarkostnaði viðkomandi deilda.

k) Frá Landgræðslu ríkisins, dags. 20.11.2013.

Efni: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins “Bændur græða landið” á árinu 2014.

Erindinu var hafnað.

l) Frá Skíðadeild Tindastóls, dags. 21.11.2013.

Efni: Óskað er eftir fjárstuðningi til næstu 10 ára vegna uppbyggingar á skíðasvæðinu í Tindastóli.

Erindinu var hafnað.

m) Frá stjórn Laxaseturs Íslands, dags. 25.11.2013.

Efni: Óskað er eftir rekstrarstyrk að upphæð 500 þúsund kr. vegna starfsemi Laxaseturs Íslands á Blönduósi árið 2014.

Vísað til fjárhagsáætlunar 2014.

3. Fjárhagsáætlunir 2015 til 2017, fyrri umræða.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árin 2015-2017.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa fjárhagsáætluninni til annarar umræðu.

4. Önnur mál.

Sveitarstjóra falið að ræða við Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt varðandi umsókn til Minjastofnunar Íslands vegna húsakönnunar í Húnavatnshreppi.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 16.50

Þóra Sverrisdóttir

Jóhanna Pálmadóttir

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir.

Magnús R. Sigurðsson

Jón Gíslason

Jens P. Jensen